

Frásögn Ibn Fadlan af víkingum við Volgubakka árið 922¹

Þegar frásögnin hefst hefur Ibn Fadlan dvalið í ríki Volgu-Búlgara um nokkurt skeið. Fram að þessu hefur ferðasagan verið nokkuð línuleg og yfirveguð en það er augljóst að kynni hans af víkingunum hrista verulega upp í heimsmynd hans.

Ég sá Rús² sem voru komnir til að stunda viðskipti og lögðu festar við bakka árinna Itil.³ Ég hef aldrei séð þvílíkt atgervi. Þeir eru hávaxnir eins og pálmatré, ljósir yfirlitum og rjóðir. Þeir klæðast hvorki kyrtli né serk. Hver maður hylur helming efri líkama síns með slá, þannig að önnur höndin er laus og liðug. Þeir bera axir, sverð og kuta og hafa þá alltaf innan handar. Þeir nota frankísk sverð með breiðum blöðum. Þeir eru alþaktir dökkum myndum frá toppi til tólar: dökkum útlínum af trjám og annars konar myndum.⁴

Sérhver kona meðal þeirra ber framan á sér litla öskju úr járn, silfri, messing, eða gulli, allt eftir fjárhag og stöðu eiginmanns síns. Úr öskjunni hangir hringur og í honum lítill hnífur fram á brjóstið.

Um hálsinn bera þær hringi úr gulli og silfri. Þegar eiginmaðurinn hefur eignast tíu þúsund dirhama [arabísk silfurmynt] lætur hann gera hálskring fyrir konu sína og þegar hann hefur eignast

1 Þýtt eftir útgáfu arabíska handritsins í *Mission to the Volga*, ritstj. og þýð. J. E. Montgomery, New York: New York University Press, 2014, bls. 198.

2 Rús (arabíska ar-*Rus*) er heitið sem arabískir höfundar nota venjulega um norræna menn eða víkinga í austurvegi.

3 Itil (eða Atil) er túrkíska heitið á ánni Volgu. Arabískir höfundar notuðu það einnig um ána.

4 Þetta er óvenjuleg vísun í notkun húðflúra meðal víkinga sem ekki hefur fundist í öðrum heimildum.

tuttugu þúsund lætur hann gera tvo og þannig lætur hann gera hring handa konu sinni fyrir hverja tíu þúsund dirhama <sem hann eignast>. Sumar hafa marga hringi um hálsinn.

Það skart sem þeir halda mest upp á eru grænar perlur úr postulíni/leir sem þeir hafa á skipum sínum. Þeir prúttu og kaupa perlurnar á einn dirham <hverja> og þræða þær í hálsmen handa konum sínum.

Þeir eru skítugastir af öllum þeim sem Allah hefur skapað. Þeir blygðast sín hvorki fyrir að hafa hægðir né þvaglát á almannaferi, þrifa sig ekki eftir samfarir og þvo ekki hendur sínar eftir að hafa matast. Þeir eru sannarlega eins og ráfandi asnar!

Þeir ferðast frá lendum sínum, leggja skipunum á ánni Itil, sem er mikið fljót, og reisa stór timburhús á bökkum hennar. Þeir safnast saman tíu eða tuttugu í einu húsi, <stundum> færri og <stundum> fleiri. Hver og einn hefur bedda sem hann situr á og með þeim eru fallegar ambáttir sem þeir hyggjast selja. Þeir hafa mök við þær á meðan félagar þeirra horfa á og stundum gera þeir þetta margir saman í einum hóp.

Það kemur fyrir að kaupmaður heimsækir þá til að kaupa ambátt á meðan eigandinn hefur samfarir við hana og hættir ekki fyrr en hann hefur svalað þörf sinni.

Á degi hverjum þvo þeir andlit sitt og höfuð upp úr grútskítugu vatni. Á morgnana færir ambátt eiganda sínum skál fulla af vatni. Hann þvær hendur sínar, andlit og hár og strýkur greiðu gegnum hárið ofan í vatnið. Því næst snýtir hann sér og hrækir í skálina. Hann óhreinkar þetta vatn á allan mögulegan máta. Þegar hann hefur lokið sér af, ber ambáttin skálina til sessunautar hans, sem gerir eins og félagi sinn. Svo flytur hún skálina til næsta manns, og þannig koll af kolli til allra í húsinu. Allir snýta þeir sér og hrækja í skálina, og þvo andlit sitt og hár.

Þeir ganga á land um leið og þeir hafa lokið við að festa báta sína. Hver og einn hefur meðferðis brauð, kjöt, lauk, mjólk og brennivín,⁵ sem þeir leggja hjá viðarsúlu sem þeir hafa reist. Á henni er <útskorið> andlit sem líkist mannsandliti og umhverfis súluna eru litlar myndir og líkneski úr tré sem hefur verið stungið í jörðina.

5 Arabíska orðið hér er *nabidh*. Það getur merkt ýmiskonar vín, hugsanlega er hér um að ræða mjöð.

Hver maður krýpur fyrir framan líkneskið og segir: „Herra! Ég er kominn langt að og hef með mér svo og svo margar ambáttir og svo og svo mörg skinn“. Þannig þylur hann upp allan varninginn og segir svo: „Ég hef fært þér þessa fórn“. Hann leggur fórnina sem hann kom með hjá viðarsúlunni og segir: „Blessaðu mig og færðu mér ríkan kaupmann með marga dínara [arabísk gullmynt] og dirhama, sem kaupir af mér það sem ég vil og prúttar ekki um það verð sem ég set upp“. Að því búnu snýr hann til baka.

Ef erfitt reynist að selja varninginn kemur hann aftur með aðra fórn og svo þá þriðju. Ef ekkert gengur færir hann öllum litlu líkneskjunum gjafir og biður þau að hjálpa til og segir: „Þetta eru konur, dætur og synir Herrans okkar“. Svo krýpur hann og biður hvert líkneski fyrir sig um aðstoð.

Stundum gengur salan hratt og vel fyrir sig og þá segja þeir: „Herra minn hefur orðið við óskum mínum og nú þarf ég að endurgjalda honum“. Hann safnar þá saman nokkrum kindum og kúm og slátrar. Hluta kjötsins gefur hann hinum þurfandi en afganginn leggur hann við stóra líkneskið og hin minni þar í kring. Því næst bindur hann hausana af fénaðinum á viðarsúlurnar. Þegar nóttin skellur á koma hundar og éta þetta allt saman og þá segja þeir: „Herrann gladdist yfir því sem ég gerði og neytti fórna minna“.

Ef einhver þeirra veikist slá þeir upp tjaldi fyrir hann afsíðis, leggja hann í það og með honum nokkuð af brauði og vatni. Þeir hvorki koma nálægt honum né tala við hann og sinna honum í engu á meðan hann er sjúkur, sérstaklega ef hann er vesalingur eða þræll. Ef honum batnar og hann kemst á fætur fer hann aftur til manna sinna en ef hann deyr er hann skilinn þannig eftir og hundar og ránfuglar éta hann. Ef þeir klófesta þjóf eða glæpamann hengja þeir hann upp í burðugt tré og setja sterkt snæri um háls hans. Þar hangir hann þar til vindurinn og regnið tortíma honum.

Mér barst til eyrna að mikilvægur maður úr þeirra röðum hefði dáið. Þeir höfðu sett hann í gröf og reist skýli þar yfir. Þar lá hann í tíu daga þar til búíð var að sníða klæði hans og sauma. Ef hinn látni er fátækur maður smíða þeir lítinn bát sem þeir leggja hann í og brenna. Ef hann er ríkur maður skipta þeir auði hans í þrennt: einn þriðji gengur til heimilisfólks hans, einum þriðja er varið í líkklæðin, og einum þriðja í að brugga drykk þann sem drukkinn er

þegar ambátt fórnar sér og er brennd ásamt eiganda sínum. Þeir drekka vín og þeir drekka nótt og dag, stundum deyr einn af þeim með bikar í hendi.

Þegar höfðingi deyr spyr heimilisfólk hans ambáttir hans og þræla hver vilji deyja með honum. Einhver þeirra segir: „Ég“. Þessi yfirlýsing er bindandi og það er ekki hægt að snúa ákvörðuninni við. Yfirleitt eru það ambáttirnar sem bjóða sig fram.

Þegar sá sem ég hef þegar getið dó voru ambáttir hans spurðar hver þeirra vildi deyja með honum og ein þeirra sagði „ég“. Því næst var hún sett í umsjá tveggja annarra ambátta sem þjónuðu henni og fylgdu henni eftir hvert fótmál og þvoðu jafnvel fætur hennar með höndum sínum. Svo voru klæði höfðingjans skorin til og öðrum undirbúningi sinnt. Ambáttin drakk *nabidh* og söng glöð og kát dag hvern.

Daginn sem átti að brenna höfðingjann og ambáttina fór ég niður að ánni og sá skip hans. Búið var að draga það upp á land og við það studdu fjórir stöplar úr *khadank*-tré⁶ og umhverfis þá var stærðar timburgrind. Skipið hafði verið dregið upp á þessa grind.

Rús-fólkið færði sig nær og gekk svo fram og til baka og í kringum skipið og mælti orð sem ég skildi ekki. Höfðinginn var enn þá í gröf sinni og hafði ekki verið grafinn upp. Fólkið útbjó fleti á skipinu og breiddi yfir það teppi og svæfla úr býsönsku silki. Nú birtist öldruð kona sem þeir kölluðu Engil Dauðans.⁷ Það var hún sem útbjó fletið sem við höfum nefnt. Hún sér um að sauma líkklæði höfðingjans og útbúa hann á réttan hátt og það er hún sem líflætur ambáttirnar. Ég sá hana: Hún var á óræðum aldri, stór, dökk yfirlitum og drungaleg.

Fólkið fór að gröf hans [höfðingjans]; þau mokuðu moldinni frá, fjarlægðu timbrið og gröfu hann upp, klæddan í þau fót sem hann var í þegar hann lést. Ég tók eftir að líkami hans var orðinn svartur vegna kuldans á þessum slóðum.⁸ *Nabidh*, ávextir og strengjahljóðfæri⁹ höfðu verið sett í gröfina með honum og fólkið fjarlægði þetta

6 Líklega birki eða ösp.

7 Arabíska hugtakið hér er *malak al-mawt* (orðrétt „engill dauðans“), sem kemur víða fyrir í Kóraninum. Ekki er ljóst hvort Ibn Fadlan er hér að þýða orðið eða nota íslamska hugtakið í stað einhvers annars.

8 Ibn Fadlan kemur til ríkis Volgu-Búlgara að vori. Vísun hans í kulda bendir mögulega til þess að hann hafi dvalið um alllangt skeið meðal þeirra og þarna sé farið að hausta eða vetra aftur.

9 Arabíska orðið hér er *tanbur*, sem mögulega er einhvers konar lúta.

allt saman. Hann var ekki farinn að lykta illa og ekkert hafði breyst á honum nema litaraftið. Hann var því næst klæddur í buxur, legg-hlíf, skó, kyrtil og silkiserk með gullhnöppum. Á höfuð hans var sett silkihúfa með loðfeldi. Fólkið bar hann inn í tjaldið sem hafði verið reist á skipinu, lagði hann á fletið og notaði svæflana til að halda honum uppréttum. Það setti hjá honum *nabidh*, ávexti og basil,¹⁰ og því næst brauð, kjöt og lauka fyrir framan hann. Þá var hundur klofinn í tvennt og honum hent á skipið. Tveir hestar voru látnir hlaupa þar til svitinn spratt út á þeim, síðan voru þeir klofnir í tvennt með sverði og hent á skipið. Tvær kýr voru hoggnar niður og þeim hent á skipið. Því næst voru hani og hæna drepin og sett um borð.

Á meðan gekk ambáttin sem hafði ákveðið að fórna sér fram og til baka og fór inn í hvert tjaldið á fætur öðru. Eigandi hvers tjalds hafði mök við hana og sagði: „Segðu eiganda þínum að ég hafi gert þetta vegna ástar þinnar á honum“.

Um síðdegisbil á föstudeginum leiddu nokkrir menn ambáttina að hlut sem þeir höfðu smíðað og líktist dyrastöfum. Hún stóð á höndum mannanna, var lyft yfir dyrastafinn og mælti einhver orð. Því næst létu þeir hana síga og lyftu henni aftur og hún gerði eins og í fyrra skiptið. Þeir létu hana síga og rísa í þriðja skiptið og hún gerði það sama og í fyrri tvö skiptin. Þá réttu þeir henni hænu, hún hjó hausinn af henni og kastaði frá sér. Þeir tóku hænuna og köstuðu henni á skipið. Ég spurði túlkinn út í gjörðir hennar og hann svaraði:

Í fyrsta skiptið sem þeir lyftu henni sagði hún: „Sjá! Ég sé föður minn og móður mína. Í annað skiptið <sagði hún>: „Sjá! Allir framliðnir ættingjar mínir í samsæti“ og í þriðja skiptið: „Sjá! Þarna situr eigandi minn í Garðinum¹¹ og Garðurinn er grænn og fagur. Hann er með mönnum sínum og þrælum. Hann kallar til mín að koma og segir farðu til hans!“¹²

Þeir fóru með hana að skipinu og hún tók af sér tvö armbönd sem hún bar og afhenti þau konunni sem kölluð var Engill Daudans,

10 Arabíska orðið hér er *rayhan*, sem er sætt basil. Mögulega var það notað til að verja líkið rotnun meðan það var geymt í bráðabirgðagröfinni.

11 Arabíska orðið hér er *jannab*, sem kemur alloft fyrir í Kóraninum og merkir paradís.

12 Mögulega er hér einhver ruglingur í handritinu og það sem átt er við er að einhver aðstoðarmannanna sé að hvetja þrælastúlkuna með því að segja: „Farðu til hans!“

þeirri sem myndi drepa hana. Hún tók einnig af sér tvö ökklabönd og rétti ambáttunum tveim sem höfðu þjónað henni, <en þær eru> dætur konunnar sem þekkt er sem Engill Dauðans.

Mennirnir lyftu henni upp á skipið en færðu hana ekki inn í tjaldið. Þeir komu að með skildi og prik og færðu henni bikar með *nabidh*. Hún söng yfir drykknum og drakk hann. Túlkurinn sagði mér að nú væri hún að kveðja hinar ambáttirnar. Henni var réttur annar bikar og hún söng lengi yfir honum. Kerlingin hvatti hana til að drekka og fara svo inn í tjaldið þar sem eigandi hennar lá. Ég sá að hún var orðin ringluð. Hún reyndi að komast inn í tjaldið en tókst það ekki. Hún setti höfuðið til hliðar við tjaldið, á milli þess og borðstokksins. Kerlingin tók þá í höfuð hennar og fór inn í tjaldið með henni. Mennirnir tóku að berja skildi sína með prik-unum svo öskrin í henni myndu ekki heyrast. Það myndi hræða hinar ambáttirnar sem myndu þá ekki bjóðast til að deyja með eiganda sínum.

Sex menn fóru inn í tjaldið. Þeir höfðu allir mök við ambáttina og lögðu hana við hlið eiganda hennar. Tveir héldu um fætur hennar og tveir um hendur hennar. Kerlingin, sem kölluð er Engill Dauðans, lagði reipi um háls hennar þannig að endarnir lágu sitt hvorum megin <við hana> og rétti þá tveimur mönnum til að toga í. Hún færði sig nær með breiðan rýting og rak hann á milli rifbeina hennar, hér og þar, á meðan mennirnir tveir kyrktu hana með reipinu þar til hún dó.

Að því loknu kom nánasti ættingi hins látna, tók upp kyndil og kveikti í. Hann var allsnakinn, gekk aftur á bak og sneri hnakkanum að skipinu. Hann hélt á kyndlinum í annarri hendi en með hinni hélt hann fyrir endaparminn. Hann lagði eld að grindinni undir bátnum. Þá kom fólk að með spýtur og eldivið. Allir héldu á logandi kyndli sem þeir hentu svo á bálköstinn. Eldurinn magnaðist, logarnir gleyptu skipið, svo tjaldið, höfðingjann og ambáttina og allt annað sem var um borð. Þá kom öflug vindhviða, logarnir hækkuðu og hækkuðu og æddu um.

Einn af Rús-mönnunum stóð við hliðina á mér. Ég heyrði hann tala við túlkinn sem var með mér. Ég spurði hvað hann hafði sagt og <túlkurinn> sagði: „Þið arabísku kumpánar eruð fávísir!“

„Hví þá það?“

„Þið takið hina elskuðu og hina tignu á meðal ykkar og fleygið þeim í jörðina, og skordýrin og ormarnir éta þá. Við <hins vegar> brennum þá samstundis og þeir komast strax inn í Garðinn.“ Ég spurði hann út í þetta og hann sagði: „Herrann elskar hann svo að hann sendir vind til að taka hann á einni klukkustund“. Og í raun og sann tók það aðeins klukkustund fyrir skipið, eldiviðinn, ambáttina og eiganda hennar að brenna til ösku og svo að finni ösku. Rús-fólkið reisti því næst eitthvað sem líktist lítilli hringlaga hæð yfir skipið sem þeir höfðu <áður> dregið á land og settu þar á miðja hæðina stórt viðarspjald þar sem þeir skrifuðu nafn mannsins og nafn konungs þeirra. Að því loknu héldu þeir á brott.

*

Eftirfarandi brot er úr verki Yaqut Al-Hamawi,¹³ sem getið er að ofan, og er þessa lýsingu ekki að finna hjá Ibn Fadlan:

<Ibn Fadlan> sagði: Það er siður konungs Rús að hafa fjögur hundruð af sínum hugrökkustu mönnum og þeim sem hann treystir best með sér í höll sinni. Þeir deyja þegar hann deyr og fórna lífi sínu til að vernda hann. Hver og einn þeirra hefur ambátt sem þjónar honum, þvær höfuð hans og gefur honum að borða og drekka og aðra til að hafa mök við ... Og þessir fjögur hundruð sitja við fleti konungsins sem er gríðarstórt og alsett gimsteinum. Fjörutíu ambáttir sitja með honum á fletinu. Stundum hefur hann mök við eina þeirra fyrir framan félagu sína. Hann stígur aldrei úr fleti sínu. Þegar hann þarf að ganga örna sinna gerir hann það í bakka. Þegar hann vill ríða út er hestur færður að hásætinu og hann stígur á bak honum af því. Þegar hann vill fara af baki ríður hann að hásætinu og fer af baki þar. Hann hefur fulltrúa sem leiðir heri hans, berst við óvini og talar máli hans meðal þegnanna.

Þórir Jónsson Hraundal þýddi úr arabísku

¹³ *Mission to the Volga*, bls. 252.